



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# EMINGMA TILBRICGINN



**30. MARS 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

Svíta: 15'

Fiðlukonsert: 22'

Enigma-tilbrigðin: 32'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is)

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# ENIGMA TILBRIGÐIN

---

**Yan Pascal Tortelier**  
hljómveitarstjóri

---

**James Ehnes**  
einleikari

---

### EFNISSKRÁ

Gabriel Fauré/úts. Henri Ribaud

**Dolly svíta, op. 56** (1894–97)  
Berceuse (Allegretto moderato)  
Mi-a-ou (Allegro vivo)  
Le jardin de Dolly (Andantino)  
Kitty - Valse (Tempo di Valse)  
Tendresse (Andante)  
Le pas espagnol (Allegro)

---

Samuel Barber

**Konsert fyrir fiðlu og hljómveit, op. 14** (1939)  
Allegro moderato  
Andante  
Presto in moto perpetuo

---

### HLÉ

Edward Elgar

**Enigma-tilbrigðin, op. 36** (1898–99)

Stef (Enigma) Andante  
I (C.A.E.) L'istesso tempo  
II (H.D.S-P.) Allegro  
III (R.B.T.) Allegretto  
IV (W.M.B.) Allegro di molto  
V (R.P.A.) Moderato  
VI (Ysobel) Andantino  
VII (Troyte) Presto  
VIII (W.N.) Allegretto  
IX (Nimrod) Adagio  
X (Dorabella) Intermezzo: Allegretto  
XI (G.R.S.) Allegro di molto  
XII (B.G.N.) Andante  
XIII (\*\*\*) Romanza: Moderato  
XIV (E.D.U.) Finale: Allegro



# YAN PASCAL TORTELIER

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**N**ýráðinn aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Yan Pascal Tortelier, kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu. Hann hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadíu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Konservatóríð í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmoníuhljómsveitinni í Lundúnum. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Accademia Chigiana í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Orchestre National du Capitole de Toulouse. Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulsterhljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC Philharmonic á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-Sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgeststjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar þar á meðal London Symphony Orchestra, London Philharmonic Orchestra, Orchestre de Paris, Royal Concertgebouw Orchestra, Tékknesku Fílharmoníunni og Fílharmoníuhljómsveitinni í St. Pétursborg, Filharmonien í Osló, Filarmonica della Scala Milan, Philadelphia Orchestra, Los Angeles Philharmonic og sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og Montreal.

Meðal helstu viðburða í starfi Torteliers á yfirstandandi starfsári eru tónleikar í Bandaríkjunum og Kanada með sinfóníuhljómsveitunum í Pittsburgh, Dallas, Montreal, San Francisco, St. Louis og Baltimore.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-Fílharmoníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



---

# JAMES EHNES


## EINLEIKARI

**J**ames Ehnes fæddist árið 1976 í kanadísku borginni Brandon í Manitobafylki. Hann hóf fiðlunám fjögurra ára gamall og naut frá níu ára aldri leiðsagnar hins þekktu fiðluleikara Francis Chaplin. Síðan lærði hann hjá Sally Thomas við Meadowmont-tónlistarskólann í New York og í framhaldinu við Juilliard-skólann í New York þar sem hann vann Peter Mennin-verðlaunin fyrir framúrskarandi hæfileika. Ehnes vakti fyrst verulega athygli þegar hann vann „Grand Prize in Strings“ í Kanadísku tónlistarkeppninni árið 1987 og ári síðar varð hann yngsti keppandinn frá upphafi til að hljóta fyrstu verðlaun strengjaleikara á Kanadísku tónlistarhátíðinni. Síðan þá hafa fjöldamargar viðurkenningar og verðlaun fallið honum í skaut.

James Ehnes hefur á ferli sínum leikið í fleiri en 35 löndum í fimm heimsálfum, þar á meðal með mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Á tónleikaárinu 2016–17 hélt hann uppá fertugsafmæli sitt með tónleikum vítt og breitt um Kanada og lék allar sönötur og partítur Bachs í Stresa, Montreux, Los Angeles, Liverpool og Amsterdam. Þá fór hann m.a. með Borgarhljómsveitinni í Birmingham í tónleikaferð til Kína og með strengjakvartett sínum, Ehnes-kvartettinum, í tvær tónleikaferðir.

Á nýjustu geisladiskum með leik Ehnes gefur að heyra verk eftir Debussy, Respighi, Elgar og Sibelius, sönötur Beethovens nr. 6 og 9 með píanóleikaranum Andrew Armstrong og strengjakvartett Schuberts „Dauðinn og stúlkan“ sem og kvartett Sibeliusar „Innri raddir“ með Ehnes-kvartettinum. Síðast en ekki síst ber að nefna heildarútgáfu á verkum Beethovens fyrir fiðlu og hljómsveit með Konunglegu filharmóníuhljómsveitinni í Liverpool undir stjórn Andrew Manze. Hljóðritanir Ehnes hafa hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Grammy-, Gramophone- og kanadíska Juno-verðlaunin.

James Ehnes leikur á hina þekktu „Marsick“ Stradivarius-fiðlu frá 1715. Hann býr nú í Flórída ásamt fjölskyldu sinni.



# GABRIEL FAURÉ

## DOLLY SVÍTA

Gabriel Urbain Fauré (1845–1924) fæddist í suður-franska bænum Pamiers sem liggur nær rótum Pýreneaskagans. Tónlistarhæfileikar hans komu snemma í ljós og var hann sendur til tónlistarnáms í París níu ára gamall þar sem hann stundaði nám í orgelleik og kórstjórn við kristilegan tónlistarskóla næstu ellefu árin. Meðal kennara hans þar var Camille Saint-Saëns og með þeim tókst ævilöng vinátta. Eftir lokapróf frá skólanum vann Fauré fyrir sér sem organisti og átti á næstu árum eftir að þjóna sem slíkur í mörgum af helstu kirkjum Parísarborgar. Rúmlega fimmtugur fékk hann prófessorsstöðu við Konservatoríð í París og 1905 var hann skipaður skólustjóri stofnunarinnar og gegndi hann stöðunni næstu fimmtán árin. Meðal nemenda Faurés við skólann voru Maurice Ravel, George Enescu og Nadia Boulanger. Tónskáldið Gabriel Fauré skildi eftir sig á annað hundrað tónsmíðar, þar á meðal tíu hljóm sveitarverk og tvær óperur.

Dolly svítan er upphaflega samin fyrir fjórhent píanó og samanstendur af sex köflum sem hver um sig ber eigin titil. Verkið skrifaði Fauré fyrir Hèlene Bardac (1892–1985), dóttur söngkonunnar Emmu Bardac sem var um árabíl hjákona hans. Hèlene var í fjölskyldunni kölluð Dolly og sendi Fauré henni kafla og kafla á afmælisdögum og öðrum hátíðarstundum.

Fyrsti kaflinn, *Vögguvísa*, er í raun eldri tónsmíð með smávægilegum breytingum fyrir fyrsta afmælisdag Dollyar. Tveggja ára fékk hún *Mi-a-ou* sem lýsir framburði hennar á gælunafni bróður síns. *Garður Dollyar* var gjöf til telpunnar á nýársdag 1895 en í kaflanum er tilvitnun í fyrstu fiðlusónötu tónskáldsins sem hann samdi 20 árum fyrr. Ekki er vitað um fleiri tilefni en fjórði kaflinn, *Kitty-vals*, vísar til hunds Bardac-fjölskyldunnar sem í raun hét Kitty. Í næsta kafla, *Ástúð*, sem er lýrískur líkt og þriðji kaflinn, kveður við nýjan og nútímalegri tón. Síðasti kaflinn er svo *Spánskur dans* í anda góðvinnar Faurés, Emmanuels Chabrier.

Það var franska tónskáldið og hljóm sveitarstjórinn Henri Ribaud (1873–1949) sem klæddi Dolly svítuna í hljóm sveitarbúning árið 1906.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Dolly svíta Faurés hljómar nú í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verkið hefur aftur á móti oft heyrst í sinni upphaflegu gerð fyrir fjórhent píanó hér á landi, síðast í meðförum Nínu Margrétar Grímsdóttur og Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur í tónleikaröð Gerðubergs „Klassik í hádeginu“ á sunnudaginn var.



# SAMUEL BARBER

## FIDLUKONSERT

**B**andaríska tónskáldið Samuel Barber (1910–1981) fæddist í West-Chester í Pennsylvaníufylki. Hann samdi fyrstu tónsmíð sína sjö ára gamall og sá fyrstu óperuna á ellefta ári. Aðeins fjórtán ára innritaðist hann í Curtis-tónlistarháskólann þar sem hann næstu árin stundaði nám í söng, píanóleik og tónsmíðum en síðar nam hann hljómsveitarstjórn hjá Fritz Reiner. Í Curtis kynntist Barber ítalsk-ameríska tónskáldinu og óperuhandritshöfundinum Gian Carlo Menotti sem seinna varð förunautur hans í lífi og starfi. Skrifaði Menotti meðal annars handrit að tveimur óperum Barbers — *A Hand of Bridge* og *Vanessa* en fyrir það verk hlaut hann Pulitzer-verðlaunin. Þriðja og síðasta ópera hans *Antony and Cleopatra* var síðan flutt við opnun Metropolitanóperunnar í New York árið 1966. Í dag er Samuel Barber án efa þekktastur fyrir hið fræga *Adagio fyrir strengi* sem upphaflega var hægi kaflinn í strengjakvartett hans op. 11 frá 1936.

Barber samdi fiðlukonsertinn op. 14 að beiðni bandaríska auðkýfingsins Samuels Simeon Fels sem ætlaði verkið skjólstæðingi sínum, ungum fiðluleikara að nafni Iso Briselli en hann var fyrrum skólabróðir Barbers í Curtis-tónlistarháskólanum. Barber samdi fyrstu tvo kaflana í Sviss sumarið 1939 og hugðist ljúka verkinu snemma um haustið en upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar breytti öllum áætlanum hans og knúði hann til að snúa heim til Bandaríkjanna. Þegar þangað var komið sýndi hann Briselli þættina tvo en fékk neikvæð viðbrögð — tónlistin var í hans augum of einföld og skorti glæsileika. Ekki tók betra við þegar Briselli sá lokakaflann sem hann dæmdi gjörsamlega óspilandi. Svo fór að lokum að Barber dró sig út úr samstarfinu. Konsertinn var síðan frumfluttur af fiðluleikaranum Albert Spalding og Fíladelfuhljómsveitinni undir stjórn Eugenés Ormandy þann 7. febrúar 1941.

Barber endurskoðaði konsertinn árið 1948 og aftur 1956. Hljómar sú gerð á tónleikunum í kvöld.

Fiðlukonsert Samuels Barber er einn af tíðast fluttu fiðlukonsertum 20. aldarinnar.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari reið á vaðið og flutti fiðlukonsert Barbers á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Háskólabíói 20. febrúar 2003 undir stjórn Baldurs Brönnimann. Er það til þessa eini flutningurinn á verkinu hér á landi. Þess má geta að Sigrún lærði við Curtis-tónlistarháskólann líkt og Samuel Barber. Af öðrum verkum Barbers hefur *Adagio* fyrir strengi langoftast heyrst á tónleikum hljómsveitarinnar eða alls sjö sinnum.



# EDWARD ELGAR

## ENIGMA-TILBRIGÐIN

**E**dward Elgar (1857–1934) fæddist í Lower Broadheath sem þorpi nálægt Worcester á Vestur-Englandi. Hann hlaut tónlistarmenntun hjá föður sínum sem var organisti, fiðluleikari og píanóstillari. Elgar hóf ungur að vinna fyrir sér á heimaslóðum sem tónlistarkennari, hljóðfæraleikari, kórstjóri og hljómsveitarstjóri. Hann ferðaðist á þrítugsaldri til Parísar og síðar til Leipzig, sótti fjölda tónleika og heyrði í fyrsta sinn mörg öndvegisverk tónbókmenntanna. Árið 1889 giftist hann hinni nýu árum eldri Alice og fluttu þau til London þar sem Elgar náði hægt og bitandi að skapa sér nafn sem helsta tónskáld síðrómantíska tímans á Bretlandi.

Föstudagskvöldið 21. október 1898 settist Elgar við píanóið heima hjá sér eftir langan og strangan vinnudag og lék lagstúf sem fangaði athygli eiginkonu hans. Síðan byrjaði hann að spinna tilbrigði við stefið með skaperðareinkennum nokkurra vina sinna í huga. Þessi tilbrigði, alls fjórtán talsins urðu síðar, útvikkuð og klædd í hljómsveitarbúning, að *Enigma-tilbrigðunum* við frumsamið stef.

Flest tilbrigðin bera sem yfirskrift fangamark þeirra sem við á hverju sinni. Þannig vísar yfirskrift fyrsta tilbrigðisins — C.A.E. — til eiginkonu Elgars, Caroline Alice Elgar. Svo annað dæmi sé nefnt þá skrifaði Elgar í bréfi til vinar síns A. J. Jaegers „Þú ert Nimrod“ en Jaeger þýðir á þýsku veiðimaður og vísar tónskáldið hér í Nimrod sem var „máttugur veiðimaður fyrir Guði“ í Gamla testamentinu.

Þegar *Enigma-tilbrigðin* voru gefin út á hólkum fyrir sjálfspilandi píanó árið 1927, ritaði Elgar ítarlegri lýsingar á verkinu og varð þá ljóst að ráðgátan fólst ekki í titlum kaflanna heldur frekar aðalstefinu sem Elgar gaf yfirskriftina „Enigma“. Í tónleikaskrá við frumflutninginn skrifaði hann meðal annars: „Ég mun ekki útskýra ráðgátu verksins — aðrir verða að geta sér til um hinn „myrka leyndardóm“ sem býr þar að baki. Verkið byggir á stafi sem ferðast í gegnum allt verkið, en heyrast aldrei. Eins og í sumum leikritum stígur aðalsöguhetjan aldrei á svið.“

Margir hafa reynt að ráða gátuna, leyndardóm verksins, en ekki hefur tekist að sannreyna þessar tilgátur. Mun því dulúð enn um sinn fylgja hinum hrifandi *Enigma-tilbrigðum*.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Enigma-tilbrigði Elgars hafa alls sex sinnum hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrsta flutningnum stjórnaði breski hljómsveitarstjórinn Steuart Bedford í Háskólabíói snemma árs 1978 en síðast heyrðist verkið í heild sinni á tónleikum haustið 2007 undir stjórn Rumons Gamba. Nimrod-kaflinn hefur sömuleiðis einn og sér sex sinnum prýtt efnisskrá hljómsveitarinnar, síðast á uppistandstónleikum Ara Eldjárns og Sinfó í liðnum mánuði í túlkun Berharðar Wilkinsson. Þá var kaflinn oft sinnis leikinn sem aukalag á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tíð Rumons Gamba sem aðalhljómsveitarstjóra, einkum á tónleikaferðum erlendis.

*Sigurður Ingvi Snorrason*



## Á DÖFINNI

FIM 27 APR 19:30



## BRUCH OG BRAHMS

**B**oris Belkin er heimskunnur fyrir tilfinningaþrunginn fiðluleik af „rússneska skólanum“. Hann kom fyrst fram opinberlega aðeins sjö ára gamall og hreppti gullið í fiðluleppni Sovétríkjanna árið 1973, en flýði skömmu síðar til Vesturlanda. Belkin hefur átt gifturíkt samstarf við Vladimir Ashkenazy um langt árabil. Annar náninn vinur og samstarfsmaður Ashkenazys var íslenska tónskáldið Þorkell Sigurbjörnsson og á tónleikunum hljómar Mistur frá árinu 1972, sem er eitt helsta hljómveitarverk hans. Lokapunktur tónleikanna myndar svo hin stórfenglega fjórða sínfónía Brahms. Með þessum flutningi lýkur „Brahms-hring“ Ashkenazys, en hann hefur nú stjórnað öllum sínfóníum meistarans á fjórum árum með Sínfóníuhljómveit Íslands.

EM 06 MAI 14:00

EM 06 MAI 16:00

## MÚMÍNÁLFAR Í SÖNGVAFERÐ



© Moomin Characters™

**M**úmínálfarnir sem Tove Jansson skapaði eru mörgum afar kærir og ná vinsældir þeirra langt út fyrir heimahagana. Það var Fílharmóníusveitin í Helsinki sem frumflutti Múmínálfa í söngvaferð eftir Hannele Huovi og Soili Perkiö vorið 2015 í útsetningum Matta Kallio, en það var upphafið að mikilli söngvaferð Múmínálfanna um gjörvallt Finnland. Nú flytur Sínfóníuhljómveit Íslands, fyrst hljómveita utan Finnlands, þessa geysivinsælu söngva í þýðingu Þórarins Eldjárns. Með hljómveitinni á tónleikum koma fram stórsöngvararnir Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir ásamt Strúlnakór Reykjavíkur. Hljómveitarstjóri er Erkki Lasonpalo.

FIM 11 MAI 19:30

## FIMM SÖNGVAR OG SINFÓNÍA

**Þ**að gerðist ekki oft að kventónskáld 19. aldar semdu fyrir sínfóníuhljómveit. Fanny Mendelssohn var hámenntuð tónlistarkona en samdi aðeins eitt hljómveitarverk, forleikinn sem nú hljómar í fyrsta sinn á Íslandi. Í nýjum lagaflokki sínum tónsetur Haflíði Hallgrímsson ljóð eftir þrjú af helstu skáldum Englands á 18. og 19. öld: Samuel Taylor Coleridge, William Blake og Christinu Rosetti. Þau Helena Juntunen og John Storgárds frumfluttu verkið ásamt Skosku kammersveitinni í febrúar síðastliðnum við lofsamlega dóma gagnrýnanda The Telegraph. Á tónleikunum hljómar einnig sjötta sínfónía Sibelíusar undir stjórn Johns Storgárds.



# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

30. MARS 2017

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Ágústa María Jónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Pascal La Rosa  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Hallsdórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Andrzej Kleina

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Roland Hartwell  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Christian Diethard  
Ingrid Karlsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Þóra Margrét Sveinsdóttir  
Móeiður Sigurðardóttir  
Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Vigdís Másdóttir

## SELLÓ

Carl-Oscar Østerlind  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Júlía Mogensen  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir

## ÓBÓ

Felicia Greciuc  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Eugenie Ricard  
Brjánn Ingason, kontrafagott

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

# Kammersveit Vínar & Berlínar

Einleikarar **Gautier Capuçon** selló,  
**Rainer Honeck** fiðla &  
**Noah Bendix-Balgley** fiðla  
Konsertmeistari **Rainer Honeck**



**Eldborg 19. maí kl. 19:30**

Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



**Stefán Jón:** Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

**Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargöðjunni.

*GAMMA* er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)